

# MOSFELLINGUR



7. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 11. JÚL

MILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

1972 HALLDÓR KILJAN LAXNESS  
2000 JÓN M. GUÐMUNDSSON  
2007 SALOME ÞORKELSDÓTTIR  
2024 BIRGIR D. SVEINSSON



Birgir D. Sveinsson fv. skólastjóri og stofnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar

## Birgir útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar »6

### EIGN VIKUNNAR

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



### Tröllateigur 35 - endaraðhús

Bjart og fallegt endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Stór timburverönd með heitum potti og bakgarður í suðvesturátt. Frábært skipulag sem býður upp á möguleika á að bæta við herbergjum.

V. 132,9 m.



**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)

FESTU NIÐUR TRAMPÓLÍNIÐ!



**MEÐ TRAMPÓLÍNSKRÚFUM**  
Frá REDDER

Einfalt að setja niður og fara örugg  
inn í sumarið



Hyrjahöfða 2  
Sími 558 0888  
[www.redder.is](http://www.redder.is)



SUMARDRYKKIRNIR ERU KOMNIR Í SÖLU!

MOSFELLSBÆJARSÍÐA HÁNDT 13-15 HÁLETTISBRAUT 58-60



Mosfellingurinn Einar Ingi Hrafnsson framkvæmdastjóri Aftureldingar

**Íþróttir sameina fólk  
og skapa vináttu »18**

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

**Jóns B. ehf**

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 [jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)  
[WWW.JONB.IS](http://WWW.JONB.IS)



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR



# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 5.000 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 27. ÁGÚST

## Til hamingju Birgir!

Birgir skólastjóri, eins og hann er gjarnan kallaður, hefur verið útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar. Innilega til hamingju Birgir, svo sannarlega verðskulduð viðurkenning. Birgir hefur gert svo margt uppbyggilegt fyrir samfélagið okkar hér í Mosó. Hann var skólastjóri í Varmárskóla lengi vel, eina grunnskólanum í Mosfellsbæ í þá tíð. Þá



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

hefur Birgir gefið svo mikla orku í tónlistarlífið sem við búum enn að í dag. Stofnaði skólahljómsveitina fyrir 60 árum og stýrði henni sjálfur í 40 ár. Við sem fengum að alast upp í skólahljómsveitinni vitum hvað Birgir og Jórunn hafa virkilega lagt á sig. Takk fyrir mig.

Birgir blés svo sannarlega lífi í menninguna hér í bæ þegar hann stofnaði lúðrasveitina og hefur hann fylgt henni eftir allar götur síðan. Þúsundir Mosfellinga hafa notið leiðsagnar hans á lífsleiðinni og eiga honum margt að þakka. Til hamingu heiðursmaður.



# ÍSFLUGL

www.isflugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...



Jón M. Guðmundsson oddviti flytur ávarp við vígslu Varmárlaugar.



Séra Bjarni Sigurðsson og Kirkjukór Lágafellssóknar.



Vígslusund - Klara Klængsdóttir kennari.

## ÞJÓÐHÁTÍÐ Í MOSFELLSSVEIT 17. JÚNÍ 1964



Söluþjöld á hátíðarsvæði.



Knattspyrna á Varmárvelli.



Fjallkonan Arnfríður Ólafsdóttir frá Varmalandi og Sveinn P. Birgisson á Brúarlandi færir henni blóm. Bæði fædd 17. júní.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

## Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsið afhendist fullbúið að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búið að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9 m.



## LAXATUNGA 107

Glæsilegt og vel skipulagt 178,4 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og timburverönd í bakgarði. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Auðvelt að bæta við auka svefnherbergi.

V. 129,0 m.



## LEIRVOGSTUNGA 33

Mjög fallegt og vel skipulagt 321,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum og innbyggðum bílskúr ásamt auka íbúð á neðri hæð. Stór bakgarður í suður- og vesturátt. Glæsilegt útsýni er frá efri og neðri hæð hússins.

V. 220,0 m.



## FOSSATUNGA 39

Fallegt 165,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í botnlanga og í nálægð við náttúruna. Glæsileg eign sem býr yfir fjölmörgum möguleikum. Eignin hefur fengið talsverðar endurbætur.

V. 109,0 m.



## HELGADALSVEGUR 10

Tvö einbýlishús í Mosfellsdal, samtals 424,8 m<sup>2</sup>. Glæsileg bjálkahús á tveimur hæðum með stórum bílskúr og auka einbýlishúsi á tveimur hæðum. Heimilt er að byggja annað húsnæði, t.d. hesthús, gróðurhús eða iðnaðarhús allt að 500 m<sup>2</sup>.

V. 249,9 m.



## VOGATUNGA 101

Fallegt og vel skipulagt 4-5 herbergja parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar frá AXIS. Hellulögð verönd og pallur í bakgarði.

V. 114,9 m.



## SKELJATANGI 31

Falleg og mikið endurnýjuð 84,2 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð með sérinngangi af svalagangi. Svalir í suðvesturátt. Vinsæll staður rétt við skóla, leikskóla, sundlaug, líkamsrækt og golfvöll.

V. 74,0 m.



## GRUNDARTANGI 4

Fallegt og mikið endurnýjað 70,2 m<sup>2</sup> 3ja herbergja raðhús á einni hæð með skjólgóðum afgirtum garði með timburverönd. Góð staðsetning á vinsælum stað í Mosfellsbæ.

V. 72,9 m.



## KLAPPARHLÍÐ 20

Vel skipulögð 65,5 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð með fallegu útsýni og sérinngangi af opnum svalagangi á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

V. 57,9 m.



## JÖRFAGRUND 32

Fallegt 175,8 m<sup>2</sup> endaraðhús á einni hæð með bílskúr inn í botnlanga. Glæsilegt útsýni er frá húsinu. Timburverönd er fyrir framan og aftan hús.

V. 98,9 m.



## VEFARASTRÆTI 7

Falleg og vel skipulögð 68,2 m<sup>2</sup>, 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi af opnum stigapalli í lyftuhúsi. Eignin skiptist í forstofu, gang, tvö svefnherbergi, geymslu með glugga, baðherbergi, eldhús og stofu.

V. 61,9 m.



## BJARGSLUNDUR 6A-B

Ný og glæsileg parhús á tveimur hæðum með bílskúr í byggingu. Eignirnar afhendast skv. skilalýsingu seljanda rúmlega tilbúna til innréttinga. Að auki verður sett upp svalalokun, rafmagn fullfrágengið og hljóðdúkur settur upp í loft að hluta til.

V. 133,0 m.



## BUGÐUFLJÓT 17B

Nýtt og vandað 63,8 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði á Tungumelum í Mosfellsbæ. Eignin afhendist við kaupsamning fullbúin skv. skilalýsingu seljanda.

V. 29,9 m.



## BRÚARFLJÓT 14 D

Nýlegt 51,2 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði. Engin vsk-kvöð er á eigninni. Góð lofthæð sem gefur möguleika á að setja upp geymslu loft. Tvær innkeyrsluhurðir og ein inngönguhurð.

V. 25,9 m.



## Ólöf Sívertsen ráðin sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Ólöf Kristín Sívertsen hefur verið ráðin í starf sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar. Staðan var auglýst í vor og bárust 35 umsóknir. Ólöf er með B.Ed. gráðu, kennsluréttindi og leyfisbréf í leik-, grunn- og framhaldsskóla frá Kennaraháskóla Íslands, MPH gráðu í lýðheilsufræðum frá Háskólanum í Reykjavík og diplóma á meistara-



stigi í stjórnun menntastofnana. Ólöf býr yfir 20 ára farsælum ferli á vettvangi fræðslumála og hefur hún í störfum sínum öðlast víðtæka þekkingu á skóla- og frístundaumhverfi sveitarfélaga. Undanfarin fjögur ár hefur Ólöf starfað sem verkefnastjóri mats og lýðheilsu á fagsviði grunnskóla hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Ólöf býr í Mosfellsbæ, hefur mikinn áhuga á útivist og gegnir um þessar mundir starfi forseta ferðafélags Íslands. Þá hefur hún tekið virkan þátt í foreldrastarfi í Lágafellsskóla og verkefninu Heilsueflandi Mosfellsbær um árabíl.



## Ný grenndarstöð við Bogatanga í notkun

Gámum hefur verið fjölgað á grenndarstöðinni við Bogatanga auk þess sem aðgengi og umhverfi hefur verið bætt. Grenndarstöðin flokkast nú sem stærri grenndarstöð með sex gáma fyrir málm, gler, textíl, pappír/pappa, plast og skilgaldsskyldar umbúðir. Á næstunni verður trjám plantað á svæðinu til að fegra það enn frekar.

**MOSFELLINGUR**  
**NÆSTA BLAÐ**  
**KEMUR ÚT 27.**  
**ÁGÚST - FYRIR**  
**BÆJARHÁTÍÐINA**

mosfellingur@mosfellingur.is

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

Markmiðið að stuðla að nýsköpun og framþróun í skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ

# Styrkir úr Klörusjóði afhentir

Miðvikudaginn 12. júní voru afhentir styrkir úr Klörusjóði en markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun og framþróun í skóla- og frístundastarfi í Mosfellsbæ.

Í sjóðinn geta sótt kennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við skóla/frístund í Mosfellsbæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu sem og fræðslu- og frístundasvið í samstarfi við skóla.

Veittir eru styrkir einu sinni á ári úr sjóðnum. Heildarframlag sjóðsins árið 2024 eru þrjár milljónir. Að þessu sinni hlutu eftirfarandi verkefni styrk úr sjóðnum:

### Verkleg vísindi, Varmárskóli

Verkefnið mun auka verklega kennslu í náttúrugreinum í Varmárskóla með fjölbreyttu námsefni sem auðveldar kennurum að nálgast viðfangsefnið á skapandi hátt. Með þessum styrk að upphæð 500.000 kr. mun Varmárskóli fjárfesta í námsefni sem eflir kennslu í eðlisfræði og stærðfræði.

### Námskeið í markmiðasetningu fyrir elstu nemendur grunnskólans, félagsmiðstöðin Bólíð í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna

Boðið verður upp á námskeið í sjálfsefningu og markmiðasetningu fyrir nemendur í 10. bekk. Markmiðið er að ungmenni vinni með eigin gildi, styrkleika, áhugasvið, drauma og framtíðarsýn. Inntak verkefnisins snýr að andlegri og félagslegri vellíðan ungmenna og fellur bæði undir forvörn og heilsuefingu. Verkefnið hlaut 600.000 kr. styrk.

### Söngur á allra vörum, leikskólinn Hlíð

Verkefnið mun efla notkun tónlistar til að stuðla að málþroska ungra barna. Tekin verður upp söngbók leikskólans bæði í hljóð- og myndformi og efnið gert aðgengilegt starfsmönnum, foreldrum og öðrum áhugasömum. Styrkur að upphæð 250.000 kr. er hugsaður til að hefja vinnuna og koma verkefninu af stað.



AFHENDING Í LISTASALNUM

### STEAM-kennsla á öll stig grunnskólans, Helgafellsskóli

Í verkefninu verður innleidd og eflað STEAM-nálgun í kennslu á öllum stigum grunnskólans, og gæti hún náð til 5 ára leikskólabarna. Styrkur að upphæð 700.000 kr. verður nýttur til að kaupa bæði tæki og námsefni til að efla kennara og nemendur í STEAM-kennslu og hvetja til skapandi og gagnrýnninnar hugsunar.

### Aukin útikennsla, Leirvogstunguskóli

Í verkefninu verður útbúin aðstaða á leikskólalóð til að auka útinám með því að skapa útiöldhús, vatnabraut og drullumallsvæði. Markmið verkefnisins er að auka útikennslu, leikfni og leikaðstæður í útiveru. Styrkurinn að upphæð kr. 200.000 er hugsaður til að koma verkefninu af stað í vinnslu innan skólans í samstarfi við foreldrasamfélagið.

### Flipp Flopp, Kvíslarskóli

Verkefnið mun styðja Kvíslarskóla við að taka mikilvægt skref til að efla raungreinar með kaupum á smásjám, stuðningi við

kennara og þróun kennsluhátta. Flipp flopp verkefnið, sem hófst fyrir þremur árum, hefur bætt kennsluhætti og stuðlað að innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum. Verkefnið fékk styrk að upphæð 400.000 kr.

### Frá fræi til afurðar, leikskólinn Hlíð

Verkefnið mun veita börnum og starfsfólki tækifæri til að sá fræjum og fylgjast með þeim vaxa og dafna. Þannig fá þau að upplifa hringrás náttúrunnar og sjá hvernig eitt lítið fræ getur orðið að afurð, kryddi, grænmeti, ávexti eða plöntu sem þau geta síðar notið. Styrkurinn 350.000 kr. er hugsaður til að koma verkefninu af stað með t.d. gróðurkössum á lóðinni.

» Nafn sjóðsins Klörusjóður er til heiðurs Klöru Klængsdóttur (1920-2011). Klara útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands árið 1939 og hóf sama ár kennslu við Brúarlandsskóla hér í bæ og starfaði hún alla sína starfsævi sem kennari í Mosfellsbæ.

Tónleikaröð Gljúfrasteins hóf göngu sína árið 2006 • Alla sunnudaga í stofunni kl. 16

## Stofutónleikar í allt sumar

Stofutónleikaröð Gljúfrasteins er hafin en hún hóf fyrst göngu sína árið 2006.

Tónlist skipti Halldór Laxness miklu máli frá fyrstu tíð. Bæði ritaði hann um tónlist af ýmsum tilefnum og eins lék hann á píanó, ekki síst verk Johann Sebastian Bach.

Í tíð Halldórs og Auðar voru ávallt haldnir tónleikar í stofunni þar sem fjöldi listamanna kom fram, jafnt innlendir sem erlendir.

Stofutónleikar eru haldnir alla sunnudaga í sumar og hefjast kl. 16, aðgangseyrir er 3.500 kr. Hægt er að sjá nánari dagskrá á www.gljufrausteinn.is.

### Víðáttur Laxness – Tríó Hjartar Jóhannssonar

Sunnudaginn 14. júlí fer fram sannkölluð djassveisla í stofunni á Gljúfrasteini. Þá munu þeir Hjörtur Ingvi Jóhannsson, Andri Ólafsson og Magnús Tryggvason Eliassen leika frumsamda tónlist



GLJÚFRASTEINN Í MOSFELLSDAL

Hjartar sem innblásin er af þemum, stöðum og persónum í höfundarverki Halldórs Laxness. Auk þess verða á dagskránni nokkrar perlu sem samdar hafa verið við ljóð Laxness.

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Í sumar verða sumarmessur í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós. Sumarmessurnar eru hluti af samstarfsverkefni kirknanna á þessu svæði með fjölbreyttu helgiholdi.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook- og Instagram-síðunni: Sumarmessur í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.

### Sunnudagur 14. júlí

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon.

### Sunnudagur 21. júlí

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn.

### Sunnudagur 28. júlí

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn.

### Sunnudagur 11. ágúst

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn.

### Sunnudagur 18. ágúst

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon.

### Sunnudagur 25. ágúst

Kl. 20: Kvöldmessa í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon.

### Miðvikudagur 28. ágúst

Kl. 20: Tónleikar í Lágafellskirkju í túninu heima. Nánar auglýst síðar.

### Rafræn feringarskráning

fyrir vorið 2025. Upplýsingar og skráning á heimasíðunni okkar.

### lagafellskirkja.is

Endilega fylgdu okkur á samfélagsmiðlum



JEEP® GRAND CHEROKEE

# LOKSINS KOMINN

VERÐLAUNADASTI JEPPI SÖGUNNAR

4xe

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á  
DRIFRAFHLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID



## EINSTÖK ÞÆGINDI OG KRAFTUR FYRIR ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

Hans hefur verið beðið með eftirvæntingu og nú er hann loksins lentur. Nýr 380 hestafla Jeep® Grand Cherokee Plug-In Hybrid drífur þig á vit ævintýrana, hlaðinn lúxus-staðalbúnaði og með enn meira rými en áður í farangursrými sem rúmar auðveldlega fjögur golfseti auk farangurs. Aukin drifgeta og lágt drif. Það hefur aldrei verið þægilegra að njóta ævintýrana jafnt innan sem utan borgarinnar. Komdu við og reynsluaktu.

**Summit Reserve: 16.990.000 kr.** Gerið samanburð á verði og útbúnaði

EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX

 ISBAND


ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR





## HALLDÓR KILJAN LAXNESS

» Nóbelsverðlaunaskáldið Halldór Kiljan Laxness (1902-1998) var útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar árið 1972. Halldór bjó í Mosfellssveit og síðar Mosfellsbæ nánast alla sína tíð og sótti efnivið í margar sögur sínar í heimasveitina. Hann ólst upp að Laxnesi í Mosfellsdal, kenndi sig alla tíð við bernskustöðvar sínar og settist að í dalnum sem fulltíða maður. Hann sá bernskuár sín í dalnum í hillingum og í nokkrum bóka sinna sækir hann efniviðinn í Mosfellsbæ, einkum í Innansveitarkroniku og endurminningabókinni í túninu heima.



## JÓN M. GUÐMUNDSSON

» Jón M. Guðmundsson (1920-2009), fyrrverandi oddviti sveitarstjórnar Mosfellsbæjar var útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar á fundi bæjarstjórnar þann 30. ágúst 2000. Í ákvörðun bæjarstjórnar var vísað til þess að með þessum heiðri hafi verið lagt fram þakklæti sveitarfélagsins og viðurkenning á hinu mikilvæga framlagi Jóns til uppbyggingar sveitarfélagsins en Jón var oddviti Mosfellsbæjar 1962-1981 og hreppstjóri 1984-1990.



## SALOME ÞORKELSDÓTTIR

» Salome Þorkelsdóttir (f. 1927) var gerð að heiðursborgara Mosfellsbæjar 2007. Salome var kjörin í hreppsnefnd Mosfellsbæjar árið 1966 og sat þar til 1982. Hún var aðalgjaldkeri Mosfellsbæjar 1972-1979, varaoddviti 1978-1981 og oddviti 1981-1982. Árið 1979 var hún kjörin á Alþingi og sat á Alþingi til ársins 1995. Salome gegndi stöðu forseta efri deildar Alþingis 1983-1997, forseta sameinaðs þings 1991 og forseta Alþingis 1991-1995. Árið 1993 var Salome sæmd stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í opinbera þágu.



Birgir D. Sveinsson heiðraður á 60 ára afmæli Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar 17. júní • „Snortinn og þakklátur“

# Fjórdi heiðursborgari Mosfellsbæjar

Birgir D. Sveinsson fyrrverandi skólustjóri Varmárskóla og stofnandi skólahljómsveitar Mosfellsbæjar var útnefndur heiðursborgari Mosfellsbæjar við hátíðlega athöfn þann 17. júní.

„Ég er snortinn og þakklátur,“ sagði Birgir við afhendinguna en hann er heiðraður fyrir hans mikla framlag til tónlistar- og menningarlífs sem og uppeldismála í Mosfellsbæ.

Birgir D. Sveinsson er fæddur 5. apríl 1939 í Neskaupstað. Hann lauk landsprófi í Vestmannaeyjum og kennaraprófi árið 1960. Samhliða námi stundaði Birgir tónlistarnám og lék á blásturhljóðfæri. Birgir fluttist til Mosfellsbæjar að afloknu kennaraprófi og var kennari við Varmárskóla árin 1960-1977. Hann var yfirkennari 1977-1983 og skólustjóri Varmárskóla 1983-2000.

### Þúsundir notið leiðsagnar Birgis

Birgir var fenginn til að kenna drengjum á blásturhljóðfæri haustið 1963 og úr varð drengjahljómsveitin, síðar Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, sem spilaði fyrst opinberlega við vígslu sundlaugarinnar að Varmá, þann 17. júní 1964. Skólahljómsveitin hefur starfað óslitið í 60 ár.

Þá stóð Birgir enn fremur að því að efna til tónlistarkennslu í barnaskólanum sama haust og það starf þróaðist í að stofnaður var tónlistarskóli í Mosfellssveit haustið 1966.

Birgir var stjórnandi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar í 40 ár eða fram til ársins 2004. Hljómsveitin hefur þjónað tónlistarlegu uppeldi fjölda barna og ungmenna í Mosfellsbæ en jafnframt verið bæjarhljómsveit og komið fram við hin ýmsu hátíðlegu tækifæri.

Það eru þúsundir barna og ungmenna sem hafa notið leiðsagnar Birgis, sem kennara og tónlistarmanns og umsögn fyrrum



Halla Karen Kristjánsdóttir formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar, Birgir Dagbjartur Sveinsson heiðursborgari Mosfellsbæjar og Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

nemenda er samhljóma um þau góðu áhrif sem Birgir hefur haft á þeirra þroskabraut. Birgir er sagður hafa verið einstakur kennari, þolinmóður, umhyggjusamur og hafa veitt sérhverju barni athygli sína.


### Sæmdur stórriddarakrossi 2005

Birgir var formaður Samtaka íslenskra skólahljómsveita í 20 ár en samtökin voru stofnuð í Mosfellsbæ. Hann var útnefndur heiðursfélagi samtakanna árið 2019. Birgir fékk viðurkenningu frá bæjarstjórn Mosfellsbæjar fyrir frábær störf árið 1994.



Heiðursbjónin Birgir D. Sveinsson og Jónína Árnadóttir fyrir utan Varmárskóla að lokinni hátíðlegri athöfn á 17. júní 2024.

Á myndinni fyrir neðan má sjá hljómsveitina spila opinberlega í fyrsta sinn við vígslu Varmárlaugar 17. júní 1964. Birgir stofnandi og stjórnandi er lengst til hægri á myndinni.



Árið 2005 var Birgir sæmdur stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir tónlistarkennslu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

**ÚRSLITALEIKUR EM Í HLÉGARÐI**  
**SUNNUDAGINN KL. 19:00**

300' RISASKJAR

**FANZONE**  
18-21

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Mosfellsbær [www.mos.is](http://www.mos.is) 525 6700





# Kynnum nýja N1 þvottastöð við Háholt

Bílaþvottur  
**20%**  
afsláttur  
í júlí

## Komdu og prófaðu með kynningarafslætti

Við tökum vel á móti þér og bílnum þínum í nýrri þvottastöð okkar við Háholt í Mosfellsbæ. Nýr búnaður gerir þér kleift að velja um snertilausan þvott eða með burstum auk þess sem sérstakur undirvagnsþvottur er í boði og aðeins eru notuð umhverfisvottuð efni.

Er ekki tilvalið að renna við og nýta sér 20% kynningarafsláttinn sem gildir út júlí?





## Frístundaávisanir hægt að nýta allt árið

Bæjarstjórn hefur tekið ákvörðun um að heimilt verði að nýta frístundaávisanir allt árið en áður miðaðist nýting þeirra við skólaárið. Frá og með 1. júní til 14. ágúst verður

því unnt að nýta frístundaávisanir hjá viðurkenndum félögum sem uppfylla reglur um styrkhæfni. Sem fyrr verður ekki heimilt að flytja styrkinn á milli tímabíla en nýtt tímabil hefst 15. ágúst næstkomandi. Mosfellsbær veitir forráðamönnum barna og unglinga á aldrinum 5-18 ára sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ kost á frístundaávisun sem hægt er að nýta til að greiða fyrir hvers konar frístundastarf hjá viðurkenndum frístundafélögum eða frístundastofnunum. Ráðstöfun frístundaávisana fer fram stafrænt í gegnum skráningarkerfi félaga og stofnana.



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Örugg og góð þjónusta

Sími: 586 8080

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)

Náttúrameðferðarúræði fyrir ungmenni sem eiga við fjölpættan vanda að stríða

# Nýsköpunarstyrkur Mosfellsbæjar afhentur

Nýsköpunarstyrkur Mosfellsbæjar var afhentur í Hlégarði fimmtudaginn 27. júní.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd veitir nýsköpunarstyrkinn annað hvert ár. Þau nýsköpunarverkefni koma til greina sem tengjast Mosfellsbæ sérstaklega eða gagnast Mosfellsbæ á einn eða annan hátt.

Nýsköpun er skilgreind sem innleiðing nýrrar eða mjög endurbættar vöru, þjónustu eða ferils, nýrrar aðferðar til markaðssetningar eða nýrrar skipulagsaðferðar í viðskiptaháttum, skipulagi á vinnustað eða ytri samskiptum.

### Heildræn meðferðarsýn fyrir ungmenni

Alls bárust tólf umsóknir um nýsköpunarstyrk Mosfellsbæjar fyrir árið 2024.

Styrkinn hlutu Hildur Margrétardóttir, Ívar Zophanías Sigurðsson, Matthew Miller og Snorri Sigurðarson Hertervig fyrir verkefnið Náttúrameðferðarúræði fyrir ungmenni sem eiga við fjölpættan vanda að stríða.

Verkefnið er heildræn meðferðarsýn þar sem útvera, sagnahefðir og þær áskoranir sem hópurinn tekst á við, líkamlega og andlega, leggja grunninn að samtali ungmennis við jafningja og leiðbeinendur með sjálfsupbyggingu að leiðarljósi. Markmið úrræðisins er að rjúfa einangrun og styrkja heilbrigða sjálfsmynd ungmenna en sú aðferð að nota útivist og náttúrameðferð til að tengja ungmenni við innri og ytri áhrifaþætti er ný af nálinni.

Aðstandendur verkefnisins og starfsstöð eru í Mosfellsbæ og stefnt er að því að fyrsta námskeiðið verði fyrir mosfellsk ungmenni.



SNORRI, HILDUR, MATTHEW OG ÍVAR

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### Sumarið í félagsstarfinu

Við lokum í tvær vikur í sumar 29. júlí og opnum aftur mánudag 12. ágúst. Opnunartíminn í handverksstofu í júlí er kl. 13-16 alla daga. Öll námskeið farin í sumarfrí.

### Viltu hjálpa til?

Okkur vantar alltaf fleiri hendur til að þrjóna sokka og vettlinga af öllum stærðum og gerðum til að selja á basarum okkar sem verður haldinn í nóvember. Værum við afar þakklát ef þið sæjuð ykkur fært að þrjóna eða hekla fyrir okkur í raun hvað sem er. Allt garn getið þið fengið í handverksstofu ókeypis en að sjálfsögðu þiggjum við alla muni enda málefnið brýnt, því allur ágóði rennur óskiptur til samfélagsins í Mosfellsbæ og fer ágóðinn á góða staði. Kærleikskeðja basarnefndin

### Gönguhópur

Minum á gönguhópin okkar sem fer alla miðvikudaga kl. 10:30 í göngu frá Hlégarði. Allir velkomnir með og hentar öllum. Verum dugleg að hreyfa okkur í sumar.



### HITTUMST Í HLÉGARÐI

**BYRJUM 3. september**

Alla þriðjudaga kl. 13-15 í vetur. Hlégarður verður opinn fyrir allan aldur til að koma saman og njóta samveru og t.d. þrjóna, spila, vefa, tefla, dansa og syngja. Endalausir möguleikar og ýmar heimsóknir og kynningar eru á dagskrá sem verða auglýstar síðar. Alltaf verður heitt á könnunni og hlýlegt að koma til okkar. Nýtum fallega Hlégarð til samveru. Ef þú hefur einhverjar góðar hugmyndir sem ættu heima í þessum samverustundum endilega hafðu samband við forstöðumann félagsstarfins, Elvu, í síma 6980090 eða elvab@mos.is

### Heilsa, hugur og vatnsleikfimi

Skráning og kynningarfundur í Hlégarði miðvikudaginn 28. ágúst kl. 14.00-16.00. Íþróttanefnd FaMos verður með kynningu á starfsemi félagsins í vetur. Heilsa og hugur, vatnsleikfimi, Ringó, Boccia, göngur og púttæfingar. Skráning og posi á staðnum í Heilsa og hugur og vatnsleikfimi.

### Þjónusta

Kynning á þjónustu við eldri borgara Mosfellsbæjar í Hlégarði, miðvikudaginn 28. ágúst kl. 14:00.

Aðilar sem sinna þjónustu við eldri borgara kynna starfsemi sína. Kaffi á könnunni, endilega takið daginn frá.



**Skrifstofa félagsstarfins** er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



**FÉLAG ALDRADRA** í Mosfellsbæ og nágrenni  
famos@famos.is  
www.famos.is

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður  
s. 666 1040 jonass@islandia.is

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður  
s. 899 0378 hanna@smart.is

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri  
s. 898 8578 thorsteinn.birgiss@gmail.com

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari  
s. 892 9112 gunnasjana@simnet.is

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi  
s. 868 2566 polarafr@gmail.com

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður  
s. 894 5677 igg@simnet.is

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður  
s. 663 5675 hrundhj@simnet.is





DOMINO'S DELUXE



KJÖTVEISLA


# TRÍÓ MÁNADARINS

AÐEINS 2.390 KR.

Í júlí færðu stóra Domino's Deluxe, Kjötveislu eða Legendary á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á vefnum, greiðir fyrirfram og sækir í Háholttöð. Pantaðu núna!



VEGDARY





# Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa staðfest

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið við Varmárósa í Mosfellsbæ.

Friðlandið við Varmárósa var friðlýst árið 1980 og síðan stækkað árið 2021. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi og búsvæði þess, sem og náttúrulegu ástandi votlendis svæðisins, ásamt sérstöku gróðurfari og búsvæði fyrir fugla.

Einnig er markmiðið að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins og jafnframt skal unnið að því að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

## Staðinn vörður um sjaldgæfa plöntu

„Varmárósar eru eitt af mörgum friðlýstum svæðum á höfuðborgarsvæðinu. Hér stöndum við vörð um afar sjaldgæfa plöntu, fitjasef, sem eingöngu finnst á tveimur stöðum á landinu en einnig verndum við búsvæði fugla og tryggjum að hér sé hægt að njóta náttúrunnar á ábyrgan hátt,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

„Það er ánægjulegt að staðfesta stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæði sem hefur mikið gildi með tilliti til líffræðilegrar fjölbreytni og lýðheilsu.“

## Tryggja vernd náttúruminja

Í stjórnunar- og verndaráætlun er mörkuð stefna um hvernig tryggja megi vernd náttúruminja friðlandsins og viðhalda verndargildi þess í sátt við nærsamfélag og aðra hagaðila.

Friðland er einn flokkur friðlýstra svæða sem hefur það



að markmiði að vernda tilteknar vistgerðir og búsvæði og styrkja verndun tegunda lífvera sem eru sjaldgæfar eða

í hættu samkvæmt útgefnum válistum, eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt.

„Það var mikill léttir þegar pabbi komst inn á Reykjalund og hann náði alveg ótrúlegum framförum þar. Það sem hann talar einmitt um er þessi heildræna þjónusta og meðferð sem hann fékk. Allt frá sjúkráþjálfun yfir í mataræði og iðjupþjálfun. Starfsfólkið sjálft var alveg ótrúlega frábært og það var svo greinilegt hvað pabba leið vel á Reykjalundi.“

– Greta Salóme

**Hlaupum, söfnum, styrkjum**

24. ágúst 2024 - Hlaupastyrkur.is





# Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga



Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin munu koma inn á [www.mos.is](http://www.mos.is).

## Stuðningur

Frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið Mosfellsbæjar benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar: [elisan@mos.is](mailto:elisan@mos.is)

## Ert þú að halda námskeið?

Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is)



KYNNARNIR BOLLI OG BJALLA  
MEÐ FJALLKONUNNI 2024



SVIPMYNDIR FRÁ 17. JÚNÍ



PRÜÐBÚIN FJÖLSKYLDA



BEKKURINN PÉTSETINN

# ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGINUM FAGNAÐ

Að vanda var haldið upp á þjóðhátíðardaginn með glæsibrag í Mosfellsbæ.

Dagskráin hófst með hátíðarguðþjónustu í Lágafellskirkju undir stjórn sr. Hennings Emils Magnússonar. Sigurður Hreiðar, Mosfellingur og fyrrverandi ritstjóri, flutti hátíðarræðu og stóðu skátar frá skátafélaginu Mosverjum heiðursvörð við kirkjuna.

Við Varmárlaug var haldið upp á 60 ára vígsluafmæli laugarinnar og 60 ára afmæli Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, en hljómsveitin lék í fyrsta skipti opinberlega við vígslu laugarinnar og hefur nú starfað óslitið í 60 ár. Við sama tækifæri fór fram

útnefning heiðursborgara Mosfellsbæjar.

Við Kjarna var boðið upp á sérstakar lýðveldisbollarakökur í tilefni af 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins og þar var hægt að nálgast bókina Fjallkonan – „Þú ert móðir vor kær“, en hvoru tveggja var gjöf forsætisráðuneytisins til landsmanna.

## Ástrós Hind í hlutverki fjallkonu

Skátarnir leiddu skrudgöngu frá Miðbæjartorgi að Hlégarði þar sem hátíðardagskráin fór fram að viðstöddum miklum fjölda bæjarbúa. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tók á móti skrudgöngunni með lúðra-

blæstri. Bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Regína Ásvaldsdóttir, fór með hátíðarræðuna og fjallkonan var Ástrós Hind Rúnarsdóttir.

Hún flutti Litla Ísland eftir Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum. Ástrós hefur nýlokið prófi í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands og var umfjöllunarefni lokaverkefnis hennar í bókmenntafræðinni ritstörf Ólafar. Meðfram námi sínu hefur Ástrós starfað í Bókasafni Mosfellsbæjar.

## Fjölskyldudagskrá og kaffihlaðborð

Bolli og Bjalla úr Stundinni okkar kynntu fjölskyldudagskrá sem var líflæg að vanda.

Leikfélag Mosfellssveitar bauð upp á atriði úr Línu Langsokk, Arni Beinteinn og Sylvía sungu og dónsuðu og börnin tóku virkan þátt. Þá mætti Bangsímón frá Leikhópnum Lottu og VÆB bræðurnir Matthías Davíð og Hálfdán Helgi. Á Hlégarðstúninu voru hoppukastalar og fleira í boði fyrir börn.

Árlegt og glæsilegt kaffihlaðborð Aftur-eldingar var vel sótt og keppt var um titilinn Sterkasti maður Íslands á Hlégarðstúni sem er árleg keppni skipulögð af Hjalta Árnasyni, betur þekktum sem Hjalta Úrsus.

Það var sannarlega líf og fjör í bænum og veðrið hið ágætasta.



SKÁTAR STANDA HEIÐURSVÖRÐ UM FJALLKONU, BÆJARSTJÓRA OG LÍNU LANGSOKK



LÖGREGLAN SÝNILEG



STUNGID SÉR TIL AFMÆLIS- SUNDS Í 60 ÁRA VARMÁRLAUG



LEIKFÉLAGIÐ LEIÐIR SKRUDGÖNGUNA





HEIÐURSBORGARARNIR SALOME OG BIRGIR



ÍSLENSKI FÁNINN MÁLAÐUR



HORFT YFIR HÁTÍÐARSVÆÐIÐ



VÆB TRYLLTI UNGDOMINN



SKÓLAHLJÓMSVEIT MOSFELLSBÆJAR 60 ÁRA

# Vilt þú taka þátt?

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima, verður haldin dagana 29. ágúst - 1. september.



Hátíðin er sannkölluð fjölskylduhátíð þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölbreyttri dagskrá.

Ef þið lúmið á hugmyndum eða viljið vera með viðburði, þá endilega sendið póst á [ituninuheima@mos.is](mailto:ituninuheima@mos.is)


Íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Mosfellsbæ eru hvött til að taka virkan þátt í hátíðarhöldunum.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700






# LISTAMANNASPJALL 18. JÚLÍ. KL. 17

## ALLTOF MIKIL NÁTTÚRA

**Þorgerður Jörundsdóttir**



Listasalur Mosfellsbæjar



Listasalur Mosfellsbæjar

## Alltof mikil náttúra

Sýningin „Alltof mikil náttúra“ eftir Þorgerði Jörundsdóttur var opnuð laugardaginn 29. júní í Listasal Mosfellsbæjar við frábærar viðtökur.

Sýningin er framhald sýningarinnar „Of

mikil náttúra“ þar sem áfram er leitast við að fjalla um líffræðilega fjölbreytni náttúrunnar á tímum hamfarahlýnunar. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 9-18 og stendur til og með 26. júlí.

## SUMARAFGREIDSLUTÍMI

*Bókasafns Mosfellsbæjar*

Mánudaga	kl. 12-18	Fimmtudaga	kl. 12-18
Þriðjudaga	kl. 12-18	Föstudaga	kl. 12-18
Miðvikudaga	kl. 12-18	Laugardaga	<b>LOKAD</b>

Lokað verður á laugardögum frá 15. júní til og með 17. ágúst

SMÁVÆGILEGAR ENDURFÆÐINGAR



Sýningaropnun

9. ágúst kl. 16-18

**ÓLÖF BJÖRG  
BJÖRNSDÓTTIR**



Listasalur Mosfellsbæjar  
Pverholt 2, 270 Mosfellsbær

## LESTRARHETJAN

Lestur veitir  
ofurkraft!



### LESTRARHETJAN - SUMARLESTUR 2024

Komdu við í Bókasafni Mosfellsbæjar og nældu þér í lestrarhefti sem einnig er stórskemmtilegt ofurhetjuspil!

Þú lest í sumar, tekst á við áskoranir og safnar límmiðum í heftið. Þannig færðu betri mynd af Skarkalabæ og getur bjargað íbúum bæjarins úr vanda. Komdu og vertu ofurhetja!





8. ágúst - 16:00 - Ókeypis inn

# Pláss fyrir alla

Uppistand um hinsegin fána


Bókasafni Mosfellsbæjar



# NAFNASAMKEPPNI LISTASALAR MOSFELLSBÆJAR



Listasalur Mosfellsbæjar fagnar 20 ára afmæli á næsta ári og af því tilefni fær hann upplýtingu og nýtt nafn.



Í tilefni þess verður efnt til nafnasamkeppni og eru allir áhugasamir hvattir til að senda inn tillögu að nýju nafni á salinn.

**Hægt verður að senda tillögur á [mos.is/nafnasamkeppni](https://mos.is/nafnasamkeppni) til og með 10. ágúst.**

Dórnefnd verður skipuð fulltrúum frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Mosfellsbæ og menningar- og lýðræðisnefnd.

## Kynning á þjónustu við eldri borgara Mosfellsbæjar

Hlégarður, miðvikudaginn  
28. ágúst kl. 14-16.

Kynnt verður sú þjónusta sem eldri borgurum stendur til boða í sveitarfélaginu.



Þjónustuaðilar verða með kynningarbása þar sem gefst tækifæri til að afla nánari upplýsinga um það starf sem er í boði hjá hverjum og einum aðila.

Heitt verður á könnunni.

**Vonumst til að sjá ykkur sem flest.**

Mosfellsbær

[www.mos.is](https://www.mos.is)

525 6700





## Kjartan formaður Ung Framsóknar

Á stofnfundi félags ungs fram-sóknarfólks í Suðvesturkjördæmi eða Kraganum var Kjartan Helgi Ólafsson úr Mosfellsbæ, 25 ára starfsmaður dómsmálaráðuneytis-ins, kjörinn formaður. Fleiri Mos-fellingar voru kosnir í stjórn, þau Úlfar Darri Lúthersson og Embla Líf Hallsdóttir. Í tilkynningu segir að ný stjórn geti ekki beðið eftir að láta til sín taka í þessu fjölmennasta kjördæmi landsins. „Áhersla verður lögð á gott samstarf við flokkinn og samtalið við grásótina verður virkt með það að leiðarljósi að efla þátttöku ungra. Framsóknarflokkur-inn byggir á góðri sögu og við viljum halda áfram að skrifa hana.“

Aron Daníel Arnalds gefur út sitt fyrsta lag undir nafninu ADA • Bara byrjunin

# Glímir við lúxusvandamál

Aron Daníel Arnalds er 23 ára uppalinn Mosfellingur sem alla tíð hefur haft mikinn áhuga á tónlist. Hann æfði á trommur í nokkur ár og nú síðustu 2-3 ár hefur hann gefið sér meiri tíma og kraft í að semja texta og lög.

„Ég finn að ég er tilbúinn með mitt sound,“ segir Aron en hann gengur undir listamannanafninu ADA.


„Ég sem texta og lög í samstarfi með „producer“ og er núna að fara gefa út mitt fyrsta lag þann 19. júlí, „Lúxus Vandamál“, í samstarfi við Yung Nigo Drippin sem er vel þekkt nafn í bransanum. Nafnið á laginu segir um hvað lagið snýst, lífstíllinn og lúxusvanda-málin sem fylgja honum.“

Aron Daníel leikur knattspyrnu með ÍR í Lengjudeildinni og er í námi í Háskólanum í Reykjavík.

### Fullt af hugmyndum og mörg lög á lager

„Fyrsta demóið af „Lúxus Vandamál“ var gert sumarið 2023 og það vakti strax mikla eftirtekt hjá þeim sem fengu að heyra það. Svo hélt ég áfram að semja og búa til fleiri lög og alltaf var maður að bæta sig. Frá því í mars hef ég einbeitt mér að því að klára „Lúxus Vandamál“ og gera það fullkomið svo ég geti komið með sprengju inn í leikinn.“

Í dag er ég með fullt af hugmyndum og á mörg lög á lager sem eru komin mislangt í sínu ferli. Þannig að ég er með efni sem ég get gefið út í framhaldinu og stefnan í dag er að gefa út EP svona „mini“ plötu seinna á árinu og langtímamarkmiðið er að gefa út stóra plötu á næsta eða þarnaesti ári.



ADA KEMUR FRAM Á SJÓNARSVIÐIÐ



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

**GRILLA Í KVÖLD?**  
FÁDU RÁÐLEGGINGAR HJÁ FAGMÖNNUM

HREINT KJÖT  
100% GÆÐI  
ENGIN VÖBBETT AUKAÞEFNI

**KJÖTBÚÐIN**  
www.kjotbudin.is  
GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK  
SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ



**ALLT**  
FASTEIGNASALA

Sérsmíðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505





Palestínskt flóttafólk boðið velkomið • Gleðin við völd

# Fjölskyldudagur á Tungubökkum

Þann 16. júní var haldinn fjölskyldudagur á Tungubökkum þar sem sjálfbóaliðar buðu, í samstarfi við Mosfellsbæ, palestínsku flóttafólki á Íslandi að koma saman á Tungubökkum og gera sér glaðan dag.

Dagurinn var ákaflega vel heppnaður í alla staði og vel mætt á viðburðinn. Fulltrúi frá Mosfellsbæ bauð fólk velkomið og er óhætt að segja að gleðin hafi ráðið ríkjum á staðnum.

Yfir 100 manns mættu, léku sér í bolta-leikjum, dönsuðu, grilluðu, ræddu málin og borðuðu saman. Með þessari fallegu stund sýndi Mosfellsbær enn og aftur hversu palestínska flóttafólkið í bænum er velkomið.

Sjálfbóaliðarnir eru Mosfellsbæ ákaf-



lega þakklátir fyrir að hafa gert þennan fallega dag að veruleika fyrir fólkið sem þarf hvað allra mest á stuðningi að halda.



## Deiliskipulagsbreyting fyrir Langatanga 11-13 á Hamraborgarreit

Markmið tillögunnar er að aðlaga byggingaráform betur aðstæðum lands og lóðar.

Í stað tveggja fjölbýla er byggingarkroppum skipt upp í þrennt, þeir færðir fjær byggð við Hamraborg, hæð hluta bygginga lækkuð. Íbúðum fjölgar um 16 íbúðir, byggingarmagn ofanjarðar er minnkað og heimildir auknar í bílakjallara.

Tenging lóðar við Langatanga endurskoðuð, innkeyrsla bílakjallara færð og skilmálar fyrir bílastæði uppfærðir.



## Deiliskipulagsbreyting fyrir frístundalóð við Krókatjörn

Breytingin felst í því að skipta lóð L125210 upp í fjórar frístundalóðir í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030.

Hver frístundalóð er á milli 6.500-7.000 m<sup>2</sup> af stærð og skilgreindur er byggingarreitur innan hversrar lóðar.

Lóðin er austan megin við Krókatjörn og aðkoma er um einkavegi frá Nesjavallavegi.

Hægt er að kynna sér tillögunar á vef Mosfellsbæjar á slóðinni [mos.is/skipulagsauglysingar](http://mos.is/skipulagsauglysingar) og á vef Skipulagsstofnunar á slóðinni [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is).

Umsagnarfrestur er til og með 12. ágúst 2024 og umsagnir skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgáttina.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

**31. ÁGÚST KL. 11-17**

## LOPPUMARKAÐUR

**LOPPUMARKAÐUR VERÐUR HALDINN Í KJARNA Í TENGLUM VIÐ BÆJARHÁTÍÐINA Í TÚNINU HEIMA.**

**TAKTU ÞÁTT Í GLEÐINI OG BÓKAÐU PLÁSSI**

**ATHUGIÐ AÐ ÞÁTTTAKENDUR ÞURFA AÐ ÚTVEGA BORD, STÓLA O S FRV**

**HÆGT ER AÐ SKRÁ SIG Á MARKAÐINN MEÐ ÞVI AÐ SENDA PÓST Á [MADDY@MOS.IS](mailto:MADDY@MOS.IS)**



Einar Ingi Hrafnsson framkvæmdastjóri Aftureldingar kemur með ákveðna sýn til starfa

# Íþróttir sameina fólk og skapa vináttu

**E**inar Ingi Hrafnsson var ráðinn framkvæmdastjóri Aftureldingar þann 1. maí. Hann þekkir vel til félagsins enda sjálfur verið þar iðkandi, þjálfari og sjálfboðaliði og mun því reynsla hans nýtast honum vel í starfi.

Einar segir Aftureldingu vera stærstu uppeldismiðstöð Mosfellsbæjar enda flest börn bæjarins sem koma þar við, en í mislangan tíma þó. Hlutverk félagsins sé að skapa umhverfi fyrir þau öll.

Einar Ingi er fæddur í Reykjavík 16. september 1984. Foreldrar hans eru Sonja Ingibjörg Einarsdóttir fv. leikskólustjóri og Hrafn Stefánsson rafvirkjameistari.

Bróðir Einars Inga er Heiðar Númi f. 1989.

## Góðir tímar með afa og ömmu

„Ég er alinn upp í Reykjavhverfinu í Mosfellsbæ, þar liggja mínar æskuslóðir og foreldrar mínir búa þar enn. Það var virkilega gaman að búa upp í byggðum, ég hefði hvergi annars staðar viljað búa, mikið af krökkum á sama aldri og nóg um að vera.

Maður hjólaði í gryfjunum, smíðaði kofa með strákunum og svo var farið á fótboltaæfingar á Tungubökkum.

Fjölskylduútilegurarnar í gamla góða A tjalduinu með mömmu og pabba klikkuðu ekki, svo maður tali nú ekki um sumarfríin til Mallorca. Það voru líka góðir tímar með afa og ömmu á Breiðdalsvík og á Selfossi, þar var margt brallað.“

## Maður tengdi við golfið

„Ég gekk í Varmáarskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar og mér fannst mjög gaman í báðum þessum skólum. Í byggðarbaknum var sterkur kjarni sem náði vel saman og við erum enn bestu vinir í dag. Það var eitthvað við skólann sem var töfrandi, skíðaferðirnar, Reykir, Bólíð, Útvarp Einar og önnur ferðalög.

Á sumrin var maður á íþróttanámskeiðum Aftureldingar og æfandi fótbolta en svo tók vinnuskólinn við. Það var eftirminni- legur tími, þá var maður oft úti á Hlíðarvelli. Maður tengdi við golfið sem verður vonandi mitt framtíðarsport næsta áratuginn eða svo,“ segir Einar og brosir.

„Ég starfaði líka eitt sumar með pabba í rafmagninu og það var mjög lærdómsríkt.“

## Handboltinn alltaf númer eitt

„Ég útskrifaðist sem stúdent frá Borgarholtsskóla, þetta voru góð ár og þarna eignaðist maður vini fyrir lífstíð. Félagslífið tók



Fjölskyldan, Arnór Bjarki, Pórey Rósa, Einar Ingi og Sara Sonja.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

dágóðan sess, með menntaskólabolllum, innanskóla ræðu- og söngvakeppnum og svo auðvitað handboltinn, hann var alltaf númer eitt.

Á sumrin starfaði ég á Dominos, KFC og í Áhaldahúsi Mosfellsbæjar við allt frá dýraeftirliti til ruslatínslu.“

## Mikið á ferð og flugi

Eiginkona Einar Inga er Pórey Rósa Stefánsdóttir mannauðs- og launasérfræðingur hjá flugfélaginu Air Atlanta og landsliðskona í handbolta. Börn þeirra eru Arnór Bjarki f. 2016 og Sara Sonja f. 2020.

„Við fjölskyldan erum mikið á ferð og flugi á sumrin, förum í sund, út að hjóla og svo höfum við gaman af því að ferðast bæði innanlands með tjaldvagninn og svo að fara í ferðir erlendis.“

## Markmiðið var alltaf að spila erlendis

„Sumarið 2009 var ferðinni heitið til Þýskalands í atvinnumennsku í handbolta. Það má segja að draumar mínir hafi ræst en markmið mitt var alltaf að spila erlendis. Við fluttum til Nordhorn og bjuggum þar í 2 ár, þetta var skemmtilegur tími. Það-an fluttum við til Danmerkur, til norður Jótlands en enduðum svo á að vera 4 ár í Noregi þar sem sonur okkar fæddist.

Varðandi veru okkar erlendis er hægt að segja að okkur var alls staðar vel tekið, við kynntumst mörgu fólki og skildum eftir okkur spor á sama tíma.“

## Íþróttir sameina fólk

„Þeir titlar sem unnust í Noregi og sögu-

leg undanúrslit sem enduðu með minnsta mun gegn stórlíði Álaborgar í Danmörku er eitthvað sem ég gleymi aldrei og er þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í.

Vera mín erlendis styrkti mig á margan hátt sem einstakling sem mun nýtast mér alla tíð. Ég er búinn að vinna með liðsfélögum, fólki frá mismunandi löndum, þar sem markmiðið var alltaf skýrt, að hámarka árangur og gera það saman sem lið. Það sem íþróttir gefa fyrst og fremst er að sameina fólk og skapa vináttu og gleði.

Við fluttum heim eftir átta ára veru erlendis og ég hóf störf hjá heildverslun Halldórs Jónssonar ehf. Það kom svo ekkert annað til greina en að fara að spila aftur með mínu liði Aftureldingu og loka þannig hringnum með sögulegum bikarameistararitli eftir langþráða bið á lokatímabilinu mínu.“

» **Afturelding er ein stærsta uppeldisstöð Mosfellsbæjar, hér koma flest börn bæjarins við, í mislangan tíma þó.**

## Kemur með ákveðna sýn til starfa

Einar Ingi er með BSc próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og tók síðan master í stjórnun og stefnumótun. Í Noregi starfaði hann sem cost controller í olíubransanum og innan fjármálateymis og öðladist þar dýrmæta reynslu. Einar var ráðinn framkvæmdastjóri Aftureldingar þann 1. maí.

## HIN HLIÐIN

### Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?

Gamli vinnustaðurinn kvaddi mig með viskiflösku og kúbuvinli, sem ég á að hafa uppi á skrifstofu til að fagna framtíðarsigum og áföngum Aftureldingar.

### Hver er þín óvenjulegasta lífsreynsla?

Ég bjó erlendis í 8 ár, Þýskalandi, Danmörku og Noregi.

### Bestu kaup sem þú hefur gert?

Ætli það sé ekki pizzaofninn sem við keyptum þegar við fluttum til Þýskalands 2009, var elskaður og dáður af öllum sem fengu að smakka, sá skilaði sínu.

### Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert?

Fullt af skemmtilegum stundum, en ætli bikarameistararitillinn síðasta vor sé ekki verðskuldað á toppnum. Að fá að lyfta bikarnum fyrir framan bæinn minn, eftir alla vinnuna og ekki síst eftir þessa löngu bikarbið hjá klúbbnum var ólýsanlegt.

### Hvar lætur þú klippa þig?

Minn bestir maður Gunnar Mall (Vikingblendz) sér um að klippa mig.



AFTURELDING BIKARMEISTARI 2023



UNGUR AÐ ÁRUM



BRÚDKAUPSFIN

Aðspurður um nýja starfið segir Einar: „Ég elska félagið mitt, það bjó mig til og ég á því mikið að þakka. Ég kem með ákveðna sýn til starfa, mig langar að virkja betur samvinnu innan félagsins, milli eininga og deilda. Ég trú því af einlægni að saman sem heild sé félagið í fararbroddi í íslenskum íþróttum.

Við eigum frábæra þjálfara, flottustu sjálfboðaliðana og orku innan samfélagsins til að stefna hærra. Með þeirri framtíðaradstöðu sem áform eru um og lengi hefur verið beðið eftir munum við taka stærri skref í átt að betra og flottara félagi.“

## Bjóðum upp á fjölbreytt starf

„Afturelding er ein stærsta uppeldismiðstöð Mosfellsbæjar, hér koma flest börn bæjarins við, í mislangan tíma þó, hlutverk okkar er að skapa umhverfi fyrir þau öll.

Umhverfi íþróttanna er stórkostlegt, sama á hvaða aldri þá eiga íþróttir að virkja einstaklinginn, styrkja hann bæði félagslega og líkamlega. Það verða vissulega ekki allir afreksmenn, en Afturelding þarf að vera vettvangur fyrir alla, við erum fjölgreinafélag. Sem framkvæmdastjóri Aftureldingar þá langar mig að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið og styrkja grunnstöð bæjarins til góðra verka, finna jafnvægi og tengingu milli uppeldisstarfs og afreksstarfs.

Við bjóðum upp á fjölbreytt starf fyrir íbúa bæjarins, af því megum við vera stolt því það er eitt sem við íbúar Mosfellsbæjar eigum sameiginlegt og það er að við styðjum öll Aftureldingu, ekki satt?“ segir Einar Ingi og lítur á mig og brosir.



# LADDI

## OG HLJÓMSVEIT MANNANNA



**29. ÁGÚST Í HLÉGARÐI**  
FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 20 Í TÚNINU HEIMA



Hljómsveitina skipa - ásamt Ladda: Magni Ásgeirsson / Summi Hvanndal / Valur Freyr Halldórsson  
Arnar Tryggvason / Pétur Steinar Hallgrímsson / Ármann Einarsson / Valgarður Óli Ómarsson

## Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar

Menningar- og lýðræðisnefnd óskar eftir umsóknum og tilnefningum frá Mosfellingum um einstakling eða samtök listafólks í Mosfellsbæ sem bæjarlistamaður ársins 2024.

Útnefning bæjarlistamanns fer fram í tengslum við bæjarhátíð Mosfellsbæjar, Í túninu heima.



Allt starfandi listafólk, listahópar og samtök sem starfa í Mosfellsbæ koma til greina og nefndin metur allar umsóknir og tilnefningar sem fram koma.

Bæjarlistamaður mun á því ári sem hann er tilnefndur kynna sig og verk sín innan Mosfellsbæjar. Auk nafnbótarinnar er bæjarlistamanni veittur menningarstyrkur.

Umsóknir og tilnefningar skulu berast rafrænt í gegnum þjónustugátt bæjarins og þurfa að hafa borist í síðasta lagi 11. ágúst 2024.

Frekari upplýsingar á [mos.is/baejarlistamadur](http://mos.is/baejarlistamadur)

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700





## Jón Brynjar tekur við handboltastelpunum

Jón Brynjar Björnsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna í handknattleik til næstu tveggja ára. Hann kemur frá Víkingi en auk þess er hann starfandi þjálfari U-16 ára landsliðs kvenna. Davíð Svansson formaður meistaraflokksráðs kvenna: „Við erum mjög ánægð með að hafa fengið Jón Brynjar til félagsins og teljum hann vera mikilvægt næsta skref fyrir liðið til að ná lengra.“

Fyrsta konan frá Íslandi í kúluvarpi

# Erna Sóley á Ólympíuleikana

Mosfellingurinn Erna Sóley Gunnarsdóttir, kúluvarpari, hefur fengið boð um þátttöku á Ólympíuleikumum í París í sumar en Alþjóða-ólympíunefndin staðfesti svo um helgina.

Erna Sóley hefur verið iðin við keppnir síðustu vikur og mánuði og staðið sig afar vel. Hún sigraði meðal annars á Meistaramóti Íslands fyrir í mánuðinum og setti þar að auk Íslandsmet í leiðinni.

### Ólympíuleikarnir hefjast í París 26. júlí

Fimm íslenskir kastarar áttu raunhæfa möguleika á því að enda meðal 32 efstu í sinni grein á stigalistanum og fá þar með sæti á Ólympíuleikumunum en eftir að lokalistinn var uppfærður þá kom í ljós að ekkert þeirra náði því.

Erna Sóley var þar þó efst Íslendinga í 34. sæti eftir Íslandsmetið sitt um síðustu helgi. Hún var því bara tveimur sætum frá því að vinna sér inn Ólympíusæti.

Erna Sóley hefur ekki áður keppt á Ólympíuleikumunum en hún verður fimmti keppandinn sem kemst inn á leikana fyrir Íslands hönd, en þeir hefjast í París í Frakklandi 26. júlí.



MOSFELLINGUR Á ÓLYMPIULEIKANA

Meistaramót GM fór fram í veðurblíðu um síðustu helgi • Yfirfyrirögn Yfirfyrirögn Yfirfyrirögn Yfirfyrirögn

# Kristján Þór og Berglind Erla klúbbmeistarar



MEISTARARNIR Í MOSÓ

Meistaramót Golfklúbbs Mosfellsbæjar fór fram um síðustu helgi í mikilli veðurblíðu á Hlíðavelli.

Það var í raun þannig að veðrið lék við kylfinga alla vikuna að undanskildum fyrsta deginum þar sem veðuraðstæður voru mjög svo krefjandi. En eftir það tók við logn, sól og blíða.

Þegar upp var staðið voru það þau Kristján Þór Einarsson og Berglind Erla Baldursdóttir sem eru klúbbmeistarar GM í ár.

Berglind Erla lék mjög stöðugt golf alla hringina og á lokadegi og skilaði hún inn hring upp á 72 högg sem tryggði henni titillinn.

Kristján Þór lék stórvel og kom inn á nýju mótmeti, hann var samtals 17 höggum undir pari og bætti einnig vallarmetið á öðrum hring þegar hann kom inn á 64 höggum. Sannarlega flott mót hjá Kristjáni.

Hér að neðan má sjá úrslit í þeim flokkum sem luku leik á laugardaginn. Öll úrslit mótsins má finn á [www.golfmos.is](http://www.golfmos.is)

### Meistaraflokkur kvenna

1. sæti - Berglind Erla Baldursdóttir
2. sæti - Kristín Sól Guðmundsdóttir
3. sæti - Katrín Sól Davíðsdóttir.

### Meistaraflokkur karla

1. sæti - Kristján Þór Einarsson
2. sæti - Björn Óskar Guðjónsson
3. sæti - Nick Carlson

### 1. flokkur kvenna

1. sæti - Sara Jónsdóttir
2. sæti - Andrea Jónsdóttir
3. sæti - Edda Herbertsdóttir.

### 1. flokkur karla

1. sæti - Guðjón Ármann Guðjónsson
2. sæti - Örn Ragnarsson
3. sæti - Steinar Ægisson

### 2. flokkur kvenna

1. sæti - Dagný Þóroldsdóttir
2. sæti - Auður Ósk Þórisdóttir
3. sæti - Lena Ýr Sveinbjörnsdóttir

### 2. flokkur karla

1. sæti - Snæbjörn Þórir Eyjólfsson
2. sæti - Björn Maríus Jónsson
3. sæti - Gunnar Birgisson

## 36 frá Aftureldingu á Partille Cup

Samtals voru 36 iðkendur frá Aftureldingu, ásamt 3 þjálfurum og 3 fararstjórum. Það voru a.m.k. 33 foreldrar og systkin sem fóru til Gautaborgar að hvetja liðin þrjú áfram í sinni keppni. Það sem eftir stendur eru minningarnar um skemmtilegt mót, bæði gott veður en líka rigningu, en öll Aftureldingarliðin sýndu sínar sterkustu hliðar í rigningunni.

Afturelding B15, 15 ára drengir fæddir 2009, spilaði ásamt 87 öðrum liðum frá 16 löndum í sínum flokki. Þeim var skipt í 14 riðla og Afturelding vann sinn riðil í fyrstu umferð. Liðið komst þannig áfram í A-úrslit og vann áfram til fjögurra leikja úrslita en datt þá út, hafnaði því í 5.-8. sæti á mótinu í sínum aldursflokk. Kristján Andri Finnsson, Jökull Ari Sveinsson og Bjarni Ásberg Þorkels-

son skoruðu flest mörkin í þeirra leikjum.

Afturelding B16, 16 ára drengir fæddir 2008, spilaði ásamt 113 liðum frá 19 löndum og þar var skipt í 18 riðla. Liðið hafnaði í 3. sæti í sínum riðli og komst áfram í A-úrslit og svo áfram í 32 leikja úrslit en datt þá út. Viktor Nökkvi Kjartansson, Atli Fannar Hákonarson og Alexander Sörli Hauksson voru markahæstir í liðinu.

Afturelding G16, 16 ára stúlkur fæddar 2008, spilaði ásamt 96 liðum frá 9 löndum. Liðin skiptust í 16 riðla og varð lið Aftureldingar neðst í sínum riðli en fór áfram í B-úrslit. Þá fóru hlutirnir að ganga upp og þær unnu sig áfram í 8 leikja úrslit og duttu út þar. Hanna Marey Bjarnadóttir, Sara Viðarsdóttir og Elísabet Jónsdóttir voru markahæstar í liðinu.



LAGT Á RÁÐIN FYRIR LEIK

AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR



JAKO  
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - [jakosport@jakosport.is](mailto:jakosport@jakosport.is) - [jakosport.is](http://jakosport.is)



24 ára Mosfellingur á leið í atvinnumenskuna á Englandi

## Jason Daði til Grimsby

Mosfellingurinn Jason Daði Svanþórsson er á leið í atvinnumenskuna, 24 ára að aldri.

Hann hefur samið við enska knattspyrnufélagið Grimsby til næstu tveggja ára. Grimsby endaði í 21. sæti af 24 liðum í ensku D-deildinni á síðasta tímabili. Jason verður fyrsti Íslendingurinn til að spila fyrir Grimsby.

Jason er uppalinn í Aftureldingu en hefur leikið með Breiðabliki frá árinu 2021. Hann lék alls 82 deildarleiki með Blikum og skoraði 26 mörk. Fimm þeirra komu í Bestu deildinni í sumar.

Jason varð Íslandsmeistari með Breiðabliki 2022 og hjálpaði liðinu svo að komast í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar í fyrra.

Þá hefur Jason leikið fimm leiki fyrir íslenska A-landsliðið.



JASON DAÐI

Guðjón, Ármann og Matthías á Evrópumót í Azerbaidjan

## Þrír drengir í landsliðið

Fimleikadeild Aftureldingar er stolt að kynna Guðjón Magnússon, Ármann Sigurhólm Larsen og Mattías Bjarma Ómarsson til leiks sem hluti af sterkustu fimleikadrengjum landsins.


Dagana 16.-19. október ætla fimm lið frá Íslandi að keppa á Evrópumótinu í hópfimleikum sem haldið verður í Baku í Azerbaidjan. Drengirnir okkar náðu að komast inn



GUÐJÓN



ÁRMANN



MATTHÍAS

í tvö af þessum fimm liðum, Guðjón inn í blandað lið unglinga á meðan Ármann og Mattías náðu inn í drengjaliðið.



15 ÁRA

## LAUGARDAGINN 31. ÁGÚST 2024

Utanvegahlaup fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Fjórar vegalengdir í boði:  
1 tindur (12 km), 3 tindar (19 km),  
5 tindar (34 km) og 7 tindar (38 km).

Glæsileg verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin  
í karla- og kvennaflokki í öllum vegalengdum.



nettó  
Í túninu  
HEIMA

Kynntu þér TINDAHLAUP  
MOSFELLSBÆJAR á [hlaup.is](http://hlaup.is)

# TAKK FYRIR STUÐNINGINN

6. flokkur karla í knattspyrnu tók þátt í Orkumótinu í Vestmannaeyjum 2024



MALBIKSTÖÐIN

ALDAN  
verk

ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ



ADVEL

BYGGINGAFÉLAGIÐ  
BAKKI

ARCTIC  
TRUCKS

HH HÚS

FBA  
FOLDABASSA ART

VERKÍS

BEEBYGG

Birgisson

ARKITEK

MOSFELLINGUR

Réttingaverkstæði  
Jóa

KLS  
Kjarni  
Lögmannsstofa

ALEFLI  
BYGGINGAVERKTAKAR

RAFVIRKJAR SF.

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar



BLÁSIÐ TIL VEISLU



Orðið að árlegri hefð • 30 börn á aldrinum 7-15 ára

# Barnadjass í Mosó heppnaðist vel

Þá er Barnadjass í Mosó lokið í annað sinn og er þar með orðið að árlegri hefð hér í bænum.

Hátíðin heppnaðist frábærlega. Alls tóku yfir 30 börn á aldrinum 7-15 ára þátt í hátíðinni og auk þess voru áhorfendur hátt í 400 samtals. Hljóðfæraleikararnir voru frá Mosfellsbæ, Ísafirði, Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Noregi og Færeyjum.

Börnin sem spiluðu á tónleikum áttu þó rætur að rekja mun víðar, svo sem til Svíþjóðar, Kína, Palestínu, Afganistan, Hollands, Nígeríu og Litháen.



Haruna Koyamada, Odd André Elveland og Guðrún Rútsdóttir hafa borið hitann og þungann.

## Tvennir tónleikar í Hlégarði

Haldnir voru fernir tónleikar, þar af tvennir í Hlégarði. Anna Sigríður Guðnadóttir bæjarfulltrúi opnaði hátíðina en einnig talaði Cecilie Willoch sendiherra Noregs á opnunartónleikunum og þá meðal annars um þetta frábæra norsk-íslenska samstarf sem hátíðin er og við viljum sjá halda áfram að vaxa og dafna.

Auk tónleikanna var haldið opið sumarnámskeið fyrir áhugasama krakka um djass og spuna. Námskeiðið var vel sótt og voru krakkarnir flestir mjög ánægðir og áhugasamir.

## Gestgjafarnir á aldrinum 9-13 ára

Djasskrakkar, hljómsveit skipuð fimm börnum á aldrinum 9-13 ára úr Mosfellsbæ, var gestgjafi hátíðarinnar og stóðu krakkarnir sig með mikilli þrýði í því hlutverki

bæði á sviði og fyrir utan sviðið.

Þau frumfluttu nýtt lag, Blár krummi, sérstaklega samið fyrir hátíðina af Karli Olgeirssyni tónlistarmanni sem einnig tók þátt í flutningnum. Þetta heppnaðist stórvel og munu Djasskrakkar taka Bláan krumma með sér á Kids in jazz, norska barnadjasshátíð núna í ágúst.

Hátíðinni var svo lokað af Regínu Ástvaldsdóttur bæjarstjóra.

Hátíðin var styrkt af Mosfellsbæ, Kiwanisklúbbnum Mosfelli, Barnameningarsjóði og Ölgerðinni og vill hátíðin koma á framfæri kærnum þökkum fyrir stuðninginn og hlakkar til að endurtaka leikinn að ári.



AÐ LOKNUM TÓNLEIKUM

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR  
BORGARBYGGÐ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.  
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

# UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

BORGARNESI  
1-4. ÁGÚST



ALLT UM MÓTIÐ  
UMFI.IS



# HOPPAÐU

Fyrir alla þá sem elska að hafa gaman!

Þrjár ástæður fyrir fjölskylduna að drulla sér í Hoppland:

- Hafa gaman saman
- Enginn í símanum
- Eitthvað fyrir alla
- Náttúra, gleði, súrefni og útivist
- Upplifun sem fer hratt upp á toppinn í minningarbankann

Enginn reynsla nauðsynleg

- Bara mæta og láta vaða!



 [www.hoppland.is](http://www.hoppland.is)  
 /hoppland1  
 849-8897



## TAKK FYRIR STUÐNINGINN



4. flokkur handbolta fór til Gautaborgar á Partille Cup mótið með þrjú lið. Á mótinu voru 1306 lið frá 38 löndum – handbolti og minningar!



STEINLAUSNIR




- FASTEIGNASALA MOSFELLSBÆJAR
- LAKSINN Í GARÐINN
- BÍLALÖKKUN KÓPSSON
- GRILLMARKAÐURINN
- MINIGARÐURINN
- MP VERK • ECIT VIRTUS • LYFJAVER





## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA



REYNSLA – ÁRÆÐNI – VANDVIRKNI –  
KRAFTUR – ÞOR – ENDING.

örugg og vönduð vinnubrögð



**SteinTeppi.is**

*Gólfefna lausnir  
fyrir heimili  
og fyrirtæki*

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

# AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - [www.aftak.is](http://www.aftak.is)

## FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

[www.bmarkan.is](http://www.bmarkan.is)



[www.bilhusid.is](http://www.bilhusid.is)

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

# FJALS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON  
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

S: 6959922

FHSVERK@GMAIL.COM

## Farsæl efri ár

Íslensk stjórnvöld hafa nýlega sett fram aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk sem ber nafnið „Gott að eldast“ sem byggir á nýrri hugsun við ört stækkandi hóp í samfélaginu.

Í þeirri áætlun er leitast eftir að breyta og bæta þjónustu við eldra fólk, tryggja þjónustu við hæfi á réttu þjónustustigi og fjölga þeim sem taka virkan þátt í samfélaginu. Lögð er áhersla á heilbrigða öldrun með andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsueflingu. Sérleg áhersla er á að auka félagslega virkni og draga úr félagslegri einangrun og einmanaleika eldra fólks.

Félagsleg einangrun einstaklinga er vaxandi vandamál á heimsvísu. WHO Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur vakið athygli á alvarleika málsins og metur félagslega einangrun sem ógn við lýðheilsu á pari við reykingar, ofneyslu áfengis og hreyfingarleysi. Félagsleg einangrun og einmanaleiki eru einnig tengd kvíða, þunglyndi, sjálfsvígum og heilabilun og geta aukid líkur á hjarta- og æðasjúkdómum og heilablóðfalli.

Á sex svæðum á landinu hafa verið ráðnir tengiráðgjafar, sem hafa m.a. það hlutverk að hafa yfirsýn yfir bjargir í nærsamfélaginu,



auka félagsleg samskipti einstaklinga og hópa í viðkvæmri stöðu, vinna að betri tengingu á milli þjónustuaðila og auka samtal milli félagsþjónustu, heilsugæslu, félagsamtaka, trúfélaga, sjálfbóðaliðasamtaka og fleiri aðila.

Hugmyndin er að virkja nærumhverfið og taka betur utan um fólk sem er félagslega einangrað eða einmana.

Hlutverk tengiráðgjafa er þannig að stíga inn í og finna lausnir sem henta hverjum og einum.

Það er mikilvægt að draga úr félagslegri einangrun sem hefur áhrif bæði á einstaklinga og samfélagið. Aukin félagsleg tengsl efla bæði andlega og líkamlega heilsu, auka lífsgæði, vellíðan og bæta samfélagið.

Undirrituð er tengiráðgjafi fyrir Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós og starfar á velferðarsviði Mosfellsbæjar. Velkomið er að hafa samband við mig varðandi ráðgjöf og upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði.

Guðleif Birna Leifsdóttir  
Tengiráðgjafi á velferðarsviði Mosfellsbæjar  
[guðleif@mos.is](mailto:guðleif@mos.is)  
s. 525-6700

## Hvernig viljum við þroskast sem samfélag?

Mosfellsbær varð formlega að kaupstað 9. ágúst 1987 og fagnaði því 35 ára kaupstaðarafmæli á liðnu ári. Á liðnum áratugum eða svo hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað mikið. Það kemur okkur ekki á óvart - því það er gott að búa í Mosó.

Nú þegar íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað þurfum við sem samfélag að velja því fyrir okkur, hvernig viljum við halda áfram og hvernig viljum við þroskast? Hvað viljum við sjá í okkar samfélagi eða erum við bara sátt við það eins og það er?

Myndum við ekki vilja að fleiri legðu leið sína í okkar fallega bæ til að skoða, njóta og staldra við?

Hvað eru aðrir að gera?

Ástæður þessara vangaveltna og þessarar greinar eru þær að um liðna helgi lagði ég leið mína í Hafnarfjörð og þar streymdi fólkid að. Fólk var annars vegar að sækja tónleika Hunds í óskilum og hins vegar bæjar- og tónlistarhátíðina Hjarta Hafnarfjarðar, en sú hátíð er haldin vikulega yfir hásumarið. Fyrr í sumar var haldin hin árlega Víkingahátíð sem fjölmargir sóttu og að auki er boðið upp á menningar- og heilsugöngur, alla miðvikudaga, sem eru unnar í samstarfi nokkurra stofnana bæjarins. Svo einhverjir viðburðir séu nefndir. Þessir viðburðir eru ekki allir skipulagðir af bænum - en þeir eiga það sameiginlegt að fólk er að leggja á eitt um að bjóða upp á margvíslega, skemmtilega dagskrá sem fær fólk til að koma í bæinn og kynnst því sem boðið er upp á. Eftir sitja heimsóknir



og tekjur sem liggja hjá fyrirtækjum í bænum.

Hvernig væri að við hugsuðum þetta fyrir komandi ár?

Við höfum upp á svo margt að bjóða. Við gætum boðið upp á skipulagðar göngur á fellin, jafnvel einn eða tvo daga þar sem öll fellin væru tekin í einu eða tvennu lagi. Við gætum líka boðið

upp á hjólaferðir, söguferð um Álafossvos, göngutúr um Reykjahverfið og fræðst um hernámið. Við gætum fengið tónlistarfólk bæjarins til að halda tónleika t.d. í Lágafellskirkju, á túninu við Hlégarð eða á Miðbæjartorginu. Við gætum verið með útileikföng á Miðbæjartorginu. Einnig væri hægt að vera með ratleik sem gengi í gegnum bæinn. Markaðurinn í Mosskógum hefur dregið marga að og nú er lag að einhver taki við boltanum þar.

Margt af þessu er gert á Menningu í mars eða á bæjarhátíðinni en við viljum fá fleiri í bæinn en þá einu helgi. Með markvissu skipulagi og vinnu allra aðila værum við að koma bænum á kortið sem áfangastað, ekki bara svefnbæ sem maður keyrir í gegnum. Af þessari vinnu leiðir að fleiri staldri við, sem þýðir að meiri þjónusta er hægt að bjóða upp á í bænum.

Við höfum upp á svo margt að bjóða í okkar umhverfi sem væri gaman að sýna öðrum og myndi lífga upp á sumarlífið okkar.

Dagný Kristinsdóttir  
Bæjarfulltrúi Vina Mosfellsbæjar.

# Dreymir þig um eigið húsnæði?

Hafðu  
samband

Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

SÍMI:  
**586 8080**  
[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



Íslenskar ullaryfirdýnur  
í mörgum stærðum

Lopidraumur.is  
Frí heimsending innanlands



BYGGINGAFÉLAGIÐ  
**BAKKI**



**BOLID**

FYRIR 8. 10. BEKK  
**SUMAROPNUN BÓLSINS**

**JÚLÍ 2024**

**POP-UP**

**FIMMTUDAGSKVÖLD**

**21:00 - 23:00**

**4. JÚLÍ**

**KÖRFUBOLTI HJÁ  
KVÍSLARSKÓLA**

**18. JÚLÍ**

**KUBBUR &  
LEIKIR HJÁ VARMÁ**

**11. JÚLÍ**

**FÓTBOLTI HJÁ  
LÁGÓ**

**25. JÚLÍ**

**KÖRFUBOLTI &  
LEIKIR Í HELGÓ**

✉ [bolid@mos.is](mailto:bolid@mos.is) / [vinnuskoli@mos.is](mailto:vinnuskoli@mos.is)

📷 [instagram.com/bolid270](https://www.instagram.com/bolid270)

## VINNUSKÓLINN

UNGLINGARNIR ÞJÓTAST UM BÆINN,  
HREINSA, GERA FÍNT OG SKILJA  
EFTIR SIG GÓÐ ORÐ INN Í DAGINN





## HEILSUMOLAR GAUA



### NÁTTÚRUÍPRÓTTABÆRINN

Mosfellsbær er hugsanlega það bæjarfélag á Íslandi sem er best fallið til þess að verða paradís þeirra fjölmörgu sem stunda náttúrufróttir af einhverju tagi. Ég sé fyrir mér fjallahjólástíga í fellunum okkar fjölmörgu, miskrefjandi stíga þannig að allir geti fengið áskoranir við hæfi, reynsluboltar sem byrjendur. Stígarnir myndu tengjast þannig að hægt væri að fara í lengri ferðir. Þeir myndu líka tengjast yfir í Esjuna, sem má segja að sé nokkurs konar móðir fellanna okkar og þótt Esjan tilheyrir strangt til tekið ekki Mosfellsbæ, er hún hluti af okkur. Við sjáum hana alla daga og heimsækjum hana oft. Mosfellingarnir Magne og Ásta hafa sýnt fram á í Reykjadal við Hveragerði hvernig er hægt að byggja upp fjallahjólástíga á umhverfisvænan hátt með því að nýta kindastíga, slóða eftir traktora og aðrar leiðir sem myndast hafa í gegnum árin. Stígarnir falla vel inn í umhverfið og koma í veg fyrir að fólk hjóli út um allar trissur. Fellin eru að sjálfsögðu líka frábær í gönguferðir og utanvegarhlaup.

Við höfum líka vötn og sjóinn og þar liggja mörg tækifæri. Vatnasport fer vaxandi víða um heim. Sund og sjóböð hafa aldrei verið vinsælli og sífellt fleiri fara reglulega á kajak eða á standbretti. Uppblásanleg standbretti eru bæði orðin ódýrari og betri en þau voru fyrir nokkrum árum. Það fer svo lítið fyrir þeim að það er meira að segja hægt að skella þeim á bakið (í þar til gerðri tösku) og hjóla með þau að næsta vatni eða sjó.

Við erum á réttri leið. Erum að halda viðburði sem hvetja fólk til þess að fara út og hreyfa sig í náttúrinni. Við erum með Tindahlaupið, Álafosshlaupið, KB þrautina, Drulluhlaupið, Fellahringinn og það nýjasta í flórunni, Hundahlaupið, sem haldið verður í fyrsta sinn í Mosfellsbæ í tengslum við í túninu heima í ár. Njóttum náttúrunnar!

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



## Reykjalaug fundin

Í tengslum við lagningu gangstígs upp Reykjaveg að Suður-Reykjum var ákveðið að reyna að staðsetja Reykjalaug sem lenti undir vegi um 1940.

Mosfellsbær óskaði eftir aðstoð Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands við að finna hina sögufrægu Reykjalaug með jarðsjá. Af hundruðum lauga og hvera sem voru eitt sinn í Mosfellssveit var hún þeirra þekktust. Í öllum helstu ferðabókum frá 18. öld og fram á okkar daga var minnst á Reykjalaug.

Á korti frá 1771 sem fylgir Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar er getið þriggja örnefna í Mosfellssveit; Gufuness, Reykjalaugar og Mosfells. Þorvaldur Thoroddsen getur þess í riti sínu Lýsing Íslands að á suðvesturlandi fyrir sunnan Esju séu kunnastar laugar hjá Reykjum í Mosfellssveit og Laugarneslaug sem Reykvíkingar noti til þvotta. Þarna er laugunum

í Reykjahverfi og Reykjalaug í raun jafnað við þvottalaugarnar í Laugarnesi.

Síðar kom í ljós mun meiri orka í Reykjahverfi en við þvottalaugarnar. Laugin var hlaðin úr grjóti um 3,5 metrar í þvermál og dýpst um 2,5 metrar, en vatnshæð um einn metri. Oddný Helgadóttir húsfreyja á Ökrum (f. 1913) sagði að leirtau og lín hefði verið þvegið í lauginni en ekki annar fatnaður. Heitt vatn var leitt úr Reykjalaug í fjósið á Reykjahvoli.

Þessi má geta að árið 1908 var bærinn á Suður-Reykjum fyrsta íbúðarhúsið á Íslandi sem hitað var upp með rennandi hveravatni. Vatnið kom úr sk. Tunnuhver sem stóð í mynni Skammadal.

Fyrsta gróðurhúsið á Íslandi var einnig sett upp á Suður-Reykjum á árunum 1923-1924. Á fjórða áratugnum var farið að bora



Reykjalaug eins og listakonan Hanna Bjartmars Arnardóttir sá hana fyrir sér. Laugin þornaði þegar jarðboranir hófust á fjórða áratug 20. aldar.



Leitað að Reykjalaug með jarðsjá á veginum milli Suður-Reykja og Reykjahvols. Ármann Höskuldsson jarðfræðingur og rannsóknaprófessor, Kristinn Magnússon fornleifafræðingur hjá Minjastofnun Íslands og Diana Brum D Silveira G Alvarez doktorsnemi í jarðfræði við Háskóla Íslands.

eftir heitu vatni á Reykjum, sem svo var flutt í leiðslum til Reykjavíkur. Við það hurfu flestar laugar og hverir af yfirborðinu í Reykjahverfi. Mokað var ofan í hina frægu Reykjalaug og vegur lagður yfir.

Hinn 11. mars sl. mættu Ármann Höskuldsson jarðfræðingur Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, Kristinn Magnússon fornleifafræðingur hjá Minjastofnun Íslands og Diana Alvarez doktorsnemi í jarðfræði til að leita Reykjalaugar með jarðsjá. Með hinni öfluglu jarðsjá mátti greinilega sjá manngerðar hleðslur - Reykjalaug var á sínum stað undir veginum.

Fróðlegt og skemmtilegt væri að Mosfellsbær með stuðningi Orkuveitunnar og landeigenda léti grafa upp hina frægu Reykjalaug í tengslum við lagningu gangbrautar upp að Suður-Reykjum.

Þannig væri hinu sögulega og merka náttúruundri komið til nútímans, en með virkjun jarðhitans á Reykjum hefur heita vatnið skilað landsmönnum milljörðum króna í formi varmaorku. Rétt er að minna Mosfellinga og landsmenn alla á uppruna hinna miklu auðæfa og ekki grafa þau í jörðu.

Magnús Guðmundsson  
Formaður Sögufélags Kjalarnesþings

**DÚOS**

HÁDEGISTILBOÐ  
LOKA OG GOS  
AÐ EIGIN VALI  
**1.850**

Gildir frá kl. 10-14

**DÚOS**

FJÖLSKYLDUTILBOÐ  
2 STÓRAR LOKUR OG  
TVÆR LITLAR LOKUR **5.950**

Vegna mikillar sölu leitum við að **öllum gerðum eigna** í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma **695 5520** eða með tölvupósti [jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is) eða við **Óskar** í síma **691 2312** eða með tölvupósti [osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

**MIKLABORG**

Með þér  
alla leið

Bókið  
skoðun  
og fáið **frítt**  
verðmat

Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
[jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is)



Óskar S. Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
[osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

569 7000 | Lágmúla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Stöðuuppfærslur

in your face



**Erna Sóley Gunnarsdóttir**  
I am going to the Olympics!!! I am super grateful and honoured for the opportunity to represent Iceland at the Paris 2024 Olympics! This is a total dream come true. I'll be the first female shot putter to represent Iceland at the Olympics.

5. júlí

**Leifur Guðjónsson**  
389 tilboð í lóðir í 5 áfanga í helgafelli sælllll

20. júní

**Sigurður Hreiðar Skringilegt**  
að verða þess áskynja hve margir halda að nú hafi þeir lagt Mosfellsbæ að baki þegar þeir eru komnir upp í Mosfellsdal.

7. júlí

**Guðrún Erna Hafsteinsdóttir**  
Jæja þá er komið að þessu að elsta mín er bara flutt af heiman með Þorsteini Leó sínum ?????? þessar elskur á leið til Portó ?? ég lofaði að gráta ekki þegar ég myndi kveðja svo ég varð að kveðja þau mjög hratt ??? gleymdi því að taka mynd af þeim með búslóðina út á flugvelli ??

9. júlí

**Jógván Hansen**  
Gleðilega hátíð kærur vinir. Þið eru mögnuð þjóð! Þessi vetur og vor hefur veri yndislegt. Mikið af syngja/spila/skemmta. Eg hlakka til að fá að gera meiri af þessum öllum saman í haust. Í sumar verð eg mest kring um famli, vinir og árbakkar. Ef að þið sjái mig með fisk á stöng ekki trufla mig :)

17. júní



facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

MG LÖGMENN

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa  
Skilnaðarsamningar - Slysamál  
Gallar í fasteignum  
Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.  
Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



OPNUNARTÍMI  
SUNDLAUGA

Lágafellslaug  
Virkir dagar: 6:30 - 22:00  
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug  
Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21.30  
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



MALBIKSTÖÐIN

Þú finnur öll blöðin á netinu  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

Vespu-, bifhjóla- og bílpróf

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.



GIRDIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR  
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR  
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS  
WWW.GIRDIR.IS



GARDMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAENI.IS



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Frí Tjónaskoðun

GÆDAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi  
www.bilasprautun.is

554 2510

SIÓVA



VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279



## HEYST HEFUR...

...að Mosfellingar séu orðnir yfir 14.000 talsins samkvæmt nýjustu tölum Þjóðskrár.

...að búið sé að opna nýja þvottastöð við N1 í Háholti.

...að rafmagnslaust hafi verið í nánast öllum Mosfellsbæ að morgni 17. júní en komst þó á aftur hálf tíma fyrir hátíðlega athöfn við Varmárlaug.

...að úrslitaleikur EM verði sýndur á risatjaldi í Hlégarði á sunnudaginn.

...að til standi að opna veipsjoppu í glerhýsinu í miðbænum sem áður hýsti kaffihúsið Glóriu.

...að 389 tilboð hafi borist í 50 lóðir við Úgötu í Helgafellshverfi sem Mosfellsbær auglýsti á dögunum.

...að Laddi ásamt hljómsveit ætli að starta stuðinu á bæjarhátíðinni í lok ágúst í Hlégarði.

...að mosfellsku Norsarnir Ómar og Ester hafi gift sig á dögunum.

...að knattspyrnumaðurinn Jason Daði sé búinn að skrifa undir hjá Grimsby.

...að Kristín Ýr og Jónas Bjarni hafi haldið upp á tvöfalt fimmtugsafmæli um síðustu helgi.

...að Mosfellingurinn Eyþór Wöhler sé búinn að stofna diskó-tvíeykið HubbaBubba með Kristali Mána sem strax er farið að dæla út hitturum.

...að Weetosmótið á Tungubökkum heiti nú Gæðabakstursmótið.

...að Fellahringurinn verði endurvakin í túninu heima.

...að Dana sé tekin við sem forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá.

...að Simmi og Hafrún hafi verið að koma heim úr turtíldúfuferð til Tenerife.

...að Hundahlaup UMFÍ verði haldið á Reykjalundartúninu í bæjarhátíðarvikunni í lok ágúst.

...að Folda og Lolli séu að fara halda brúðkaupsveislu um helgina.

...að verið sé að leita að nýju nafni á Listasal Mosfellsbæjar.

...að Ási „Riddari“ Jónsson sé fimmtugur í dag.

...að hjólbrautin í Ævintýrargarðinum sé að verða tilbúin og hafi fengið nafnið Flækjan.

...að íbúar í Mosfellsdal séu komnir með nóg af hraðakstri og séu búnir að mála sjálfir merkingar á vegginn.

...að Kjúllinn snúi aftur í túninu heima með risaballi og bjórgarði.

...að Sif Elías og Erlingur eigi von á strák í haust.

...að Hekla Daða sé útskrifuð úr lögregluskólanum.

...að Áróra og Úlla sé komnar heim í Aftureldingu fyrir næsta vetur.

...að Arnar Dagur hafi farið holu í höggi á Hlíðavelli í sumar.

...að Greta Salóme og Elvar eigi von á sínu öðru barni.

## Nýir Mosfellingar



Mateó Þór Cárdenas Auðunsson fæddist 24. desember á Landspítalanum í Reykjavík. Hann vó 3.820 kg og var 51 cm langur. Foreldrar eru Valeria Cárdenas Hernández and Auðunn Bjarki Haraldsson.

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Ísabella Lea kom í heiminn 20. apríl 2024. Foreldrar eru Guðrún Sól Gunnarsdóttir og Rögnvaldur Ágúst Ragnarsson Long. Systkini: Emilía Ýr

# ÚRSLITALEIKUR EM Í HLÉGARÐI

## SUNNUDAGINN KL. 19:00

300" RISASKJAR

# FANZONE

18-21

## Í eldhúsinu



HJÁ MILÖNU

### Flammekueche pítsa

Milana Katchalina deilir að þessu sinni með okkur uppskrift sem kítar bragðlauka þeirra sem elska lax! Flammekueche (Tarte flambée) með lax! Fullkomið ef það er föstudagskvöld og ykkur langar í pítsu sem tekur 10-15 mín að búa til.



#### Hráefni:

- Hreinn rjómaostur - 200 g
- Niðurskorinn reyktur lax - 1 pakki
- Furuhnatur - 2-4 matarskeiðar
- Klettasalát - 75 g poki
- Sætt sinnep
- Parmesanostur
- Vefjur grillaðar frá Mission tortilla - 2

#### Aðferð:

Hitið ofninn í botn (250 gráður), þegar hann

er orðinn sæmilega heitur setjið vefjur í ofninn til að brúna þær í 4-6 mín. Fylgist vel með - ef þær verða of brúnar þá breytast þær í kex. Ristið adeins furuhneturnar á meðan á pönnu, engin olía eða smjör. Takið út fallegar vefjur, smyrjið þær vel með rjómaosti, svo kemur laxinn og ristaðar furuhnetur ofan á. Setjið þær aftur í ofn í 5-7 mín. Fylgist aftur vel með og takið út þegar laxinn er orðinn vel bleikur.

Þetta gúmmelaði er borið fram með klettasalati og parmesanosti ofan á og sætu sinnepi sprautað yfir. Bjór eða Riesling frá Alsace eða Þýskalandi smellpassar með þessari pítsu. Njótið!

Verði ykkur að góðu!

Milana skorar á Elísu Hörn Ásgeirsdóttir að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

# MANN-ESKJAN Í BRÚNNI


Komið þið sæl, kærur sveitungar, mig minnir að þegar ég var á þessari síðu síðast og var að hella úr röflskálum mínum hér í Mosfellingi hafi ég verið að fjalla um komandi forsetakosningar.

Þá var ég að reyna að sleppa að kalla til blaðamannafundar og notaði þetta svið til að tilkynna að ég myndi ekki bætast í hóp hundruð Íslendinga sem byðu sig fram í embætti forseta Íslands. Þetta gekk nú furðulega áfalla-laust fyrir sig og ætlunarverki lokið. Ekki var að sjá að nokkur einasti maður hafi verið ósammála þessari yfirlýsingu og ekki nokkur maður eða kona grátið í koddann það kvöld.

En þessi ósköp eru liðin hjá og kom í ljós að ný manneskja mun gegna embættinu bráðum og verður forsetavígslan haldin í ágúst hvort sem okkur líkar betur eða verr eða hvern við kusum. Enn eitt árið þurfti blessaður Ástþór Magnússon að láta í minni pokann en hann gefst ekki upp, eins og kakkalakki sem hefur verið trampað á aftur og aftur heldur hann áfram og reynir við Bessastaði. Eða eins og máltækið segir allt er þegar 40 sinnum er reynt ... eða eitthvað svoléiðis.

En nú varð uppi fótur og fit þegar kom í ljós að næsti forseti lýðveldisins væri gift og að í fyrsta skiptið mun maki stjandi forseta vera af Adamsætt og hvað skyldi þá kalla kauða. Sumir vilja halda í gamlar hefðir og heimta það að hann Björn skuli nefnast forsetafrú, aðrir vilja að hann verði kallaður forsetabóndi og enn aðrir forsetamaður. Svo eru þeir neikvæðu sem telja hann vera bara óheppinn að vera fastur þarna á Bessastöðum og enginn viti hvað á að kalla karlgreyið.

Eigum við ekki bara að láta Árna-stofnun eða mannanafnanefnd sjá um þetta áður en það sýður upp úr og þessar deilur leysast upp í ofbeldi. Því ekki viljum við að hann gangi undir nafninu besefinn á Bessastöðum ... nei það má ekki.



HÖGNI SNÆR



MOSFELLSBAKARI.IS  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60





# SMÁ AUGLÝSINGAR

Íbúð óskast til leigu  
Óska eftir íbúð í langtíma-  
leigu í Mosfellsbæ og/eða  
nágrenni.  
Upplýsingar í síma 852-  
7772 og/eða thorduram-  
undason991@gmail.com.

Smáauglýsingarnar  
eru frjár fyrir  
einstaklinga  
mosfellingur@mosfellingur.is

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



### Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einka-  
samkvæmum, brúðkaupum,  
árshátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar  
eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng  
og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist.

Söngkona Ann Andreassen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is  
Símar: 895 9376 - 552 2125



NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT

27. ÁGÚST.

Blaðinu er dreift fritt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.  
mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



www.arioddsson.is

**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNASKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
**HEILSUEFLING**  
MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

**Bílapartar ehf**  
Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is



**VILTU  
SELJA?**

588 55 30  
WWW.BERG.IS



Ökukennsla  
**HREIÐARS**

8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

ÞJÓNUSTUAUGLÝSING  
Í MOSFELLINGI

KR. 7.000 + vsk.\*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

## Hreinsun á leiðum ehf.

Veitum alhliðarþjónustu á legsteinum og  
leiðum í kirkjugörðum. Hreinsun, rétta við og  
hækka legsteina og ramma, snyrting, sumar-  
blóm og hvað annað sem þörf er á.

Sími: 862-1311

hreinsunaleidum@gmail.com  
Facebook: Hreinsun á leiðum.

## BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



**EININGAR EHF**

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



## Öll almenn vörubíla- og kranarþjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn  
í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042



## BílaGlerið

Framrúður & Ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



**MALBIKSTÖÐIN**



# SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað hlakkar þú  
mest til í sumar?



**ELÍN HEIDA:** Fara til Finnlands og keppa með landsliðinu.



**EMMA:**  
Að fara til útlanda.



**RUT:**  
Að fara til útlanda.



**SAGA PÁLA:** Að keppa á Síamótinu og fara til Króatíu.



**SANDRA:**  
Fara í útilegu.



**VALGERÐUR DAGNÝ:**  
Fara til Króatíu.



Pretty brúðkaup



Mæðgurnar í Mosó



Ómar og Ester gift



Nýjstu lækarnir



Hatta-hollið farið af stað



'74 Old School



Sumarástin



Skundum á Þingvöll

## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



Sól og Ólía í það heilaga



Kylfingar í sólinni



Gengin í hnapphelduna



Hvað er á Seyði?



Gróa kveður skólann



Bikarinn í Mosó



Pallí opinn fyrir öllu



**ÓLIVER BECK TAPAÐI Í FANTASY-DEILDinni  
GISTI Í TJALDI Á HRINGTORGI**

**VEÐMÁL**

### TVÍFARAR



Marius



Hjálmar Örn



Við á Sprey Hárstofu  
elskum það sem við gerum,  
við erum fagmenn!

Hárstofan  
**Sprey**

Hægt er að panta tíma á  
Sprey.is eða í síma 5176677  
Mosfellsbæ og Garðabæ.



# Umhverfis- viðurkenningar

Umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum frá almenningi vegna umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar fyrir árið 2024.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- Fallegir einkagarðar
- Fjölbýlishúsagarður
- Fyrirtæki til fyrirmyndar
- Plokkari ársins
- Einstaklingsátak ársins
- Tré ársins
- Snyrtilegasta gatan



Tilnefningar má senda rafrænt á þjónustugátt Mosfellsbæjar eða með tölvupósti á [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) og skulu berast fyrir 6. ágúst.

Umhverfisnefnd veitir viðurkenningarnar við sérstaka athöfn á bæjarhátíðinni í túninu heima í lok ágúst.

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



# ALLT

# F A S T E I G N A S A L A

[www.allt.is](http://www.allt.is) • [allt@allt.is](mailto:allt@allt.is) • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær





## UPPÁTÆKJASÖM LÍNA

Lína Langsokkur mætti á hestinum sínum á 17. júní dagskrána í Mosfellsbæ. Mosfellingar fjölmenntu á fjölskylduskemmtunina við Hlégarð sem var með fjölbreyttu sniði á 80 ára afmæli Lýðveldisins.

Mynd/RaggiÓla



Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Múlalundur  
Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ

- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS  
við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggtur  
fasteignasali  
897-0047



**Brynjólfur Jónsson**  
löggtur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð

**588 55 30**



### Meðalfellsvegur



Sumarhús í nágrenni Meðalfellsvatns. Stór afgirt lóð. Mikill gróður. Húsið þarfnast viðhalds.

Verð: 34 m.

### Skuggabakki



105 fm hesthús við Skuggabakka í Mosfellsbæ. Sér gerði og sér taðþró. Stíur fyrir 10 hesta. Rúmgóð hlaða með góðu aðgengi.

Verð: 29 m.

### Klapparhlíð



Mjög falleg 87 fm íbúð. Góðar innréttingar. Tvö svefnherbergi og björt stofa með útgengi á svalir. Ný eldhústæki. Næg bílastæði.

Verð: 70,5 m.

### Grundartangi



Vel staðsett 70 fm raðhús við Grundartanga í Mosfellsbæ. Tvö svefnherbergi, björt stofa með útgengi á sólpall sem sýr í suður og lítill garður. Þvottahús inn af eldhúsi. Góð aðkoma að húsi.

Verð: 69,8 m.